

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 24. maí 1996****um aðlögun á II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun ráðsins
75/442/EBE um úrgang(*)****(96/350/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975
um úrgang ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun
91/692/EBE ⁽²⁾, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæði fyrrnefndrar greinar gera framkvæmdastjórninni kleift
að breyta II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun ráðsins
75/442/EBE.Framkvæmdastjórnin skal í þessu tilliti njóta aðstoðar
ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undirformennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og sett á stofn
samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.Fyrirhugaðar ráðstafanir samkvæmt ákvörðun þessari eru í
samræmi við álit nefndarinnar sem getið var hér að framan.**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**II. viðauki A og II. viðauki B við ákvörðun þessa komi í stað II.
viðauka A og II. viðauka B við tilskipun ráðsins 75/442/EBE.**2. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. maí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 135, 6. 6. 1996, bls. 32, var
nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/96 frá 27.
nóvember 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-
samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi
Evrópubandalagsins.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 47.

(²) Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

II. VIÐAUKI A

FÖRGUN

NB: Í þessum viðauka eru taldar upp förgunaraðgerðir sem er beitt í reynd. Í samræmi við ákvæði 4. gr. ber að farga úrgangi án þess að heilsu manna stafi hætta af og án þess að beitt sé aðferðum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

- D 1 Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun)
- D 2 Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífrænt niðurbrot fljótandi úrgangs eða eðju í jarðvegi)
- D 3 Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrlegar jarðsprungur)
- D 4 Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða eðju í pytti, tjarnir eða lón)
- D 5 Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnsþétt, þakin holrými sem eru aðskilin hvert frá öðru og umhverfinu)
- D 6 Losun í vötn nema í sjó
- D 7 Losun í sjó, þar með talið niðurgroftur á hafsbotni
- D 8 Líffræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12
- D 9 Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12 (t.d. uppgufun, þurrkun, molþurrkun)
- D 10 Brennsla á landi
- D 11 Brennsla á sjó
- D 12 Varanleg geymsla (t.d. staðsetning gáma í námum)
- D 13 Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 12
- D 14 Umpökkun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 13
- D 15 Geymsla þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 14 (að undanskilinni geymslu úrgangsins til bráðabirgða á framleiðslustað þar til honum er safnað)

II. VIÐAUKI B

ENDURNÝTING

NB: Í þessum viðauka eru taldar upp aðgerðir til endurnýtingar sem er beitt í reynd. Í samræmi við ákvæði 4. gr. ber að endurnýta úrgang án þess að heilsu manna stafi hættu af og án þess að beitt sé aðferðum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

- R 1 Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu
- R 2 Endurheimt eða endurmyndun leysiefna
- R 3 Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysiefni (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir)
- R 4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda
- R 5 Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna
- R 6 Endurmyndun sýru eða basa
- R 7 Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun
- R 8 Endurnýting efnisþátta úr hvötum
- R 9 Olíuhreinsun eða önnur endurnotkun olíu
- R 10 Dreifing á land til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi
- R 11 Notkun úrgangs sem til fellur vegna einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 10
- R 12 Skipti á úrgangi með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 11
- R 13 Geymsla úrgangs þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 12 (að undanskilinni geymslu úrgangsins til bráðabirgða á framleiðslustað þar til honum er safnað)